

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/5/EB

2008/EES/27/09

frá 26. janúar 2005

um breytingu á tilskipun 2002/26/EB að því er varðar aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni okratoxíns A í tilteknum matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 85/591/EBE frá 20. desember 1985 um að koma á Bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits⁽¹⁾, einkum 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarks magn tiltekinna mengunarefna⁽²⁾ eru ákvörðuð hámarksgildi fyrir okratoxín A í brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, leysanlegu kaffi, víni og þrúgusafa.
- 2) Nákvæmni mælinga á styrk okratoxíns A ræðst einkum af sýnatökunni. Við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB frá 13. mars 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni okratoxíns A í matvælum⁽³⁾ skal bæta ákvæðum um brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi, leysanlegt kaffi, vín og þrúgusafa.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2002/26/EB til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/26/EB er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 372, 31.12.1985, bls. 50. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 78/2005 (Stjtið. EB L 16, 20.1.2005, bls. 43).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2004/43/EB (Stjtið. EB L 113, 20.4.2004, bls. 14).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/26/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað liða 4.3, 4.4 og 4.5 komi eftirfarandi:

„4.3. *Almennt yfirlit yfir sýnatökuaðferðina fyrir korn, þurrkaðar þrúgur og brennt kaffi*

TAFLA 1

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurð og þyngd framleiðslueiningar

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
Korn og kornafurðir	≥ 1 500	500 tonn	100	10
	> 300 og < 1 500	3 framleiðsluhlutar	100	10
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	10
	< 50	—	3–100 (*)	1–10
Þurrkaðar þrúgur (kúrenur, rúsínur og súltönur)	≥ 15	15–30 tonn	100	10
	<15	—	10–100 (**)	1–10
Brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi og leysanlegt kaffi	≥ 15	15–30 tonn	100	10
	<15	—	10–100 (**)	1–10

Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. sjá töflu 2 í þessum viðauka.

Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar, sjá töflu 3 í þessum viðauka.

4.4. *Sýnatökuaðferð fyrir korn og kornafurðir (framleiðslueiningar ≥ 50 tonn) og brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi, leysanlegt kaffi og þurrkaðar þrúgur (framleiðslueiningar ≥ 15 tonn)*

— Svo fremi hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 1. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest vikja sem nemur 20% frá tilgreindri þyngd.

— Taka skal sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

— Fjöldi hlutasýna: 100.

— Þyngd safnsýnis = 10 kg.

— Ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan, án skemmda á framleiðslueiningunni sem hefði skaðleg áhrif á viðskiptin (vegna umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annari aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að aðferðin gefi eins dæmigerðar niðurstöður og framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

4.5. *Sýnatökuaðferð um korn og kornafurðir (framleiðslueiningar <50 tonn) og um brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi, leysanlegt kaffi og þurrkaðar þrúgur (framleiðslueiningar < 15 tonn)*

Fyrir framleiðslueiningar korns undir 50 tonnum og brenndra kaffibauna, brennds, malaðs kaffis, leysanlegs kaffis og þurrkaðra þrúgna undir 15 tonnum verður að styðjast við sýnatökuaðferðir þar sem 10 til 100 hlutasýni eru tekin, eftir þyngd framleiðslueiningarinnar, og þau gefa safnsýni sem er 1 til 10 kg. Fyrir mjög litlar framleiðslueiningar (≤ 0,5 tonn) korns og kornafurða má taka færri hlutasýni, en safnsýnið, sem samanstendur af öllum hlutasýnunum, skal einnig í því tilviki vera minnst 1 kg.

Styðjast má við tölurnar í eftirfarandi töflu til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka skal.

TAFLA 2

Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af korni og kornafurðum

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna
≤ 0,05	3
> 0,05–≤ 0,5	5
> 0,5–≤ 1	10
> 1–≤ 3	20
> 3–≤ 10	40
> 10–≤ 20	60
> 20–≤ 50	100

TAFLA 3

Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, leysanlegu kaffi og þurrkuðum þrúgum

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna
≤ 0,1	10
> 0,1–≤ 0,2	15
> 0,2–≤ 0,5	20
> 0,5–≤ 1,0	30
> 1,0–≤ 2,0	40
> 2,0–≤ 5,0	60
> 5,0–≤ 10,0	80
> 10,0–≤ 15,0	100“

- b) Eftirfarandi lið 4.6 a er skotið inn á eftir lið 4.6:

„4.6 a) *Ákvæði um töku sýna af víni og þrúgusafa*

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg nema því verði ekki komið við, t.d. þegar sýnið er 1 flaska.

Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka skal úr framleiðslueiningu, er tilgreindur í töflu 4. Fjöldi hlutasýna ræðst af því hvernig viðkomandi afurðir eru alla jafna markaðssettar. Þegar um er að ræða fljótandi farm í lausu máli skal blanda framleiðslueininguna eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt, áður en sýni er tekið, þó þannig að það skaði ekki gæði vörunnar. Þá er hægt að gera ráð fyrir einsleitri dreifingu okratoxíns A í tiltekinni framleiðslueiningu. Því nægir að taka þrjú hlutasýni úr framleiðslueiningu til að fá safnsýni.

Hlutasýnin, sem geta verið flaska eða pakki, skulu öll vera af svipaðri þyngd. Hlutasýni skal vega minnst 100 g og safnsýni minnst u.þ.b. 1 kg. Sé ekki farið eftir þessari aðferð verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið 3.8.

TAFLA 4

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu

Markaðssetning	Þyngd framleiðslueiningar (í lítrum)	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal
Í lausu máli (þrúgusafi, vín)	...	3
Flöskur/kassar með þrúgusafa	≤ 50	3
Flöskur/kassar með þrúgusafa	50 til 500	5
Flöskur/kassar með þrúgusafa	> 500	10
Flöskur/kassar með víni	≤ 50	1
Flöskur/kassar með víni	50 til 500	2
Flöskur/kassar með víni	> 500	3“